



WELFARE lokaráðstefna og samstarfsfundur

WELFARE lokaráðstefna 30. Janúar 2024

Lokaráðstefna WELFARE verkefnisins var haldin í Hátíðarsal Háskóla Íslands þriðjudaginn 30. janúar 2024. [Lars Hulgárd](#) prófessor við Hróarskeldu Háskóla var aðalfyrirlesari ráðstefnunnar með fyrirlestri sínum um “Ecosystem of social innovation and entrepreneurship in the Nordic Welfare State” viðfangsefni sem er nátengt markmiðum verkefnisins sem er að styrkja og efla samfélagslega nýsköpunarhæfni nemenda, fagfólks og þriðja geirans er kemur að velferðarþjónustu. Stella, Katla og Sara, hópur nemenda í félagsráðgjöf veitti okkur innblástur með kynningu sinni á nýsköpunarverkefninu „[Sara stelpa með ADHD](#)“ sem þær byggðu á eigin reynslu af ADHD. Þær eru um það bil að gefa út barnabók og vefsíðu fyrir stúlkur, foreldra og kennara sem vinna með ADHD í stelpum. Samstarfsaðili okkar Nele frá Vives University of Applied Science kynnti námskeið Vives tengd samfélagslegri nýsköpun sem byggja á notendamiðaðri hönnun. [Magnús Þór](#) dósent í viðskiptadeild kynnti [Snjallræði](#) hraðalinn og [Kveikju](#) þverfaglegt og alþjóðlegt námskeið í samfélagslegri nýsköpun. Hannes lektor í samfélagslegri nýsköpun kynnti námskeið fyrir verðandi kennara í samfélagslegri nýsköpun sem kennt verður á Menntavísindasviði næsta haust.

Ráðstefnan var á ensku og hér er hægt er að nálgast [upptöku](#) af henni. Ef þið viljið koma ykkar ábendingum á framfæri vegna ráðstefnu eða verkefnis þá er hér linkur [netkönnun](#).

Lokafundur samstarfsaðila

Lokafundur samstarfsaðila var haldinn 31 Janúar þar sem farið var yfir þá verkþætti sem er ólokið en verkefnið klárast í lok febrúar. Frekari upplýsingar um verkefnið má nálgast á [heimasíðu](#) þess.

The content of this publication represents the views of the author only and is its sole responsibility. The European Commission does not accept any responsibility for use that may be made of the information it contains.